

## Reglur um úthlutun almennra styrkja leikskólaráðs Reykjavíkur

1. Markmið með styrkjum leikskólaráðs er að styrkja ýmis verkefni og starfsemi sem á einn eða annan hátt styður við eða stuðlar að bættu leikskólastarfi í Reykjavík.
2. Leikskólaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær til styrkveitinga. Í henni eiga sæti fulltrúi frá leikskólaskrifstofu, fulltrúi Félags leikskólakennara og fulltrúi leikskólastjóra. Nefndin gerir tillögur til leikskólaráðs um hvaða verkefni fá styrk og styrkuppþæð.
3. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.
4. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem settar eru í starfsáætlun Leikskólasviðs ár hvert.
5. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 1. október ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstökum eyðublöðum sem er að finna á <http://www.reykjavik.is/styrkir>.
6. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins og d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir leikskólastarf. Úthlutunarnefnd leitar álits sérfræðinga ef hún telur þörf á.
7. Leikskólaráð fjallar um tillögur úthlutunarnefndar og úthlutar styrkjum í desember ár hvert.
8. Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að: a) Helmingur af styrkuppþæð greiðist fyrir júnílok ár hvert. Ef sú upphæð er lægri en 500.000 kr. má greiða hana í einni greiðslu en annars skal jafna upphæðinni á 2-6 mánuði. b) Seinni helmingur styrkuppþæðarinnar greiðist fyrir lok ársins. Ef sú upphæð er lægri en 500.000 kr. má greiða hana í einni greiðslu en annars skal jafna upphæðinni á 2-6 mánuði.
9. Árlega skal úthlutunarnefndin leggja skýrslu fyrir leikskólaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum síðastliðins reikningsárs.
10. Þeir aðilar sem fá úthlutað styrk skulu skila skýrslu til aðalskrifstofu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar áður en síðari greiðsla fer fram.
11. Leikskólasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefni sín.

## **Reglur um styrkveitingu leikskólaráðs til þróunarverkefna í leikskólum í Reykjavík**

1. Tilgangur styrkveitingarinnar er að stuðla að nýbreytni- og þróunarstarfi í leikskólum Reykjavíkur. Með þróunarverkefnum er átt við verkefni sem stuðla nýjungum, rannsóknnum og nýbreytni í uppeldis- og menntastarfi.
2. Leikskólaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær til styrkveitinga. Í henni eiga sæti fulltrúi frá leikskólaskrifstofu, fulltrúi Félags leikskólakennara, fulltrúi leikskólastjóra og fulltrúi frá kennaramenntunarstofnun. Nefndin gerir tillögur til leikskólaráðs um hvaða verkefni fá styrk og styrkupp hæð.
3. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkur.
4. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem settar eru í starfsáætlun ár hvert.
5. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 1. október ár hvert og skal umsóknum skilað til aðalskrifstofu Leikskólasviðs á sérstöku eyðublaði með þeim fylgiskjölum sem tilgreind eru á eyðublaðinu. Eyðublaðið er að finna á heimasíðu Leikskólasviðs.
6. Um styrk geta sótt einstaka leikskólar (borgar/einkareknir), starfsmannahópar, leikskólakennarar og aðrir fagmenn á sviði leikskólamála enda nýtist verkefnið leikskólum í Reykjavík. Sækja má um styrk til nýrra verkefna og verkefna sem þegar eru hafin.
7. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins og d) eftir væntanlegum árangri og ávinningi fyrir leikskólastarf. Nefndin leitar umsagna eða álits annarra aðila eftir því sem hún telur þörf á hverju sinni.
8. Leikskólaráð fjallar um tillögur úthlutunarnefndar og úthlutar styrkjum í desember ár hvert.
9. Greiðslur úr sjóðnum skulu vera þannig að 60% af styrkupp hæð greiðist 1. janúar og 40% greiðast 15. maí enda hafi þá verið skilað skýrslu um framvindu verkefnisins.
10. Árlega skal úthlutunarnefndin leggja skýrslu fyrir leikskólaráð þar sem gerð er grein fyrir úthlutunum síðastliðins reikningsárs.
11. Þeir aðilar sem fá úthlutað styrk skulu skila skýrslu til aðalskrifstofu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar áður en síðari greiðsla fer fram.
12. Leikskólasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefnið.